



372. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn á nefndasviði Alþingis þann 10. nóvember 2010. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Þráinn Bertelsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Ragnheiður E. Árnadóttir, Sigurður I. Jóhannsson, Björgvin G. Sigurðsson, Valgerður Bjarnadóttir, Ólafur Örn Haraldsson og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Árni Geirsson mætti v. 1. dagskrárliðar og Lilja Jónasdóttir lögfræðingur mætti v. 2.-4. dagskrárliða.

Þetta gerðist:

1. Hugmyndaleit

Árni Geirsson frá Ráðgjafarfyrtækinu Alta kynnti tillögu að útfærslu hugmyndaleitar sbr. samþykkt Þingvallanefndar frá 2009 um að leita eftir hugmyndum frá almenningi um nýtingu þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Hugmyndaleitinni yrði skipt í tvo flokka, annars vegar tillögur sem snúa að þjóðgarðinum í heild og hins vegar tillögur sem snúa að einstökum svæðum eða verkefnum. Verkerlinu yrði skipt í 5 hluta; a) undirbúning og mótun b) lýsingu og gögn c) vinnslutíma d) dómnefndarstörf og e) kynningu og verðlaunaveitingu. Verkefnaval yrði opið og er miðað við að vinnuferlið taki um 3 mánuði. Veittar yrðu viðurkenningar í báðum flokkum og yrðu verðlaunahugmyndirnar einnig efniviður í mótun heildarfyrirkomulags í þjóðgarðinum á grunni stefnumótunar þjóðgarðsins. Áætlaður kostnaður er 4-5 mkr. Ýmis útfærsluatriði myndi nefndin ákveða, eins og fjölda í dómnefnd, verðlaunafé og auglýsingakostnað. Verkefnið er ekki útboðsskylt samkvæmt reglum Ríkiskaupa.

Þingvallanefnd samþykkti tillöguna og fól þjóðgarðsverði að vinna hana áfram, þ.á m. hvað varðar tímasetningar.

Valgerður Bjarnadóttir mætti kl. 11.45.

2. Lóðarleigusamningar

Lilja Jónasdóttir og þjóðgarðsvörður lögðu fram tillögu að nýjum lóðarleigusamningum sem unnið hefur verið að síðustu misseri. Fundað hefur verið með Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, forsvarsmönnum Bláskógabyggðar, Grímsness- og Grafningsshrepps, Umhverfisstofnun og fulltrúum lóðarleiguhafa. Helstu breytingar eru að Þingvallanefnd mun vegna ákvæða laga um forkaupsrétt einungis leigja lóðir til einstaklinga en ekki fyrirtækja eða félaga, skerpt verður á ýmsum ákvæðum eldri samnings m.a. hvað varðar dýrahald og gróðursetningu sem og vatnsvernd og ljósmengun. Ennfremur að girðingar skuli teknar upp kringum sumarbústaði eftir að sumarhúsalandið hefur verið girt af og gert fjárhelt á næsta sumri. Leigutími verður óbreyttur, þ.e. til tíu ára.

Frestað.

3. Lóðarleigugjald

Lögð fram tillaga um hækkun á lóðarleigugjaldi til samræmis við sumarbústaðalóðir á svipuðum slóðum og horfa til fyrirkomulags sem Landbúnaðarráðuneytið hefur við Þingvallavatn. Leigugjald hefur verið óbreytt s.l. 10 ár.

Frestað.

Björgvin G. fer af fundi kl. 12.30.

4. Byggingarskilmálar.

Lilja Jónasdóttir og Þjóðgarðsvörður lögðu fram tillögur að nýjum byggingarskilmálum. Helstu breytingar eru að ekki verða veitt leyfi til byggingar nýrra frístundahúsa innan marka Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Þingvallanefnd getur þó veitt undanþágu. Umsóknir um byggingarleyfi til viðhalds og breytinga á byggingum sem fyrir eru skal senda til byggingaryfirvalda Bláskógabyggðar sem annast öll samskipti við Þingvallanefnd.

Viðbyggingar skuli vera úr léttum efnum, ekki er gert ráð fyrir kjöllumur í endurgerðum húsum, en svefnloft má vera allt að 30m², eða 1/3 af gólfleti jarðhæðar.

Frestað.

Valgerður vísar af fundi 12.50.

5. Þjónustugjald - Frestað

6. Fjármál – Frestað

7. Önnur mál.

Vatnsvernd. Samþykkt að senda Heilbrigðiseftirliti Suðurlands fyrirspurn um vatnsvernd vegna heitra potta og hreinsiefna í þeim.

Bátalægi. Þjóðgarðsverði falið að undirbúa samræmdar reglur um báta og bátalægi í Þjóðgarðinum.

Valhallarstígur nyrðri nr. 9. Umsókn um byggingarleyfi, eigendur Þorbjörg Vigfúsdóttir og Friðrik Karlsson.

Þingvallanefnd samþykkir endurbætur og stækkun sumarbústaðar með fyrirvara um heitan pott á palli. Unnið er að nýjum byggingar- og lóðarleigusamningum innan Þjóðgarðsins. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er á vatnsverndarsvæði sem heyrir undir eftirlit Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Óheimilt er að gera nokkuð sem getur spillt eða mengað vatn innan Þjóðgarðsins, bæði vatn á yfirborði og grunnvatn sbr. ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Gjábakki nr. 8. Lagt fram erindi dags. 24.09.2010 þar sem Jónas Kristjánsson óskar eftir að Þingvallanefnd falli frá forkaupsrétti og heimili framsal lóðarleiguréttinda til sonar síns Gunnlaugs Jónassonar. Samþykkt.

Gjábakki nr. 7. Lagt fram erindi eigenda (Guðmundur Þ. Guðmundsson og Elísabet Guðmundsdóttir) um leyfi til að setja upp þurrklósett. Samþykkt með fyrirvara um að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands samþykki útfærslu búnaðar.

Lögð fram skýrsla frá Reyni Bergsveinssyni um minkaveiðar við Þingvallavatn.

Þjóðgarðsvörður leggur til að Margrét Hallgrímsdóttir og Ragnheiður Þórarinsdóttir komi á einhvern af næstu fundum Þingvallanefndar til að ræða Unesco. Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.05.